

Reglur um mynda- og hljóðupptökur í leik- og grunnskólum og tónlistarskóla í Garðabæ

Reglur þessar taka mið af rétti barna og fullorðinna til friðhelgi einkalífs, sem er tryggður í barnasáttmála Sp, stjórnarskránni og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Reglur þessar gilda innan húsnæðis leik- og grunnskóla og tónlistarskóla, á lóð leik- og grunnskóla og tónlistarskóla og í ferðum á vegum leik- og grunnskóla og tónlistarskóla. Er reglunum m.a. ætlað að kenna börnum að umgangast ljósmyndir og myndatökur í samræmi við markmið grunnskólalaga nr. 91/2008, samanber 2. mgr. 2. gr. og j-liður 1. mgr. 24. gr. laganna.

Reglur þessar gilda um myndatökur í leik- og grunnskólum og tónlistarskóla hvort sem um ræðir, starfsmenn, nemendur eða forráðamenn og skulu reglur þessar kynntar þessum aðilum.

1. Starfsmönnum er heimilt að taka myndir, myndbönd og hljóðupptökur af börnum í daglegu starfi skólans á tæki í eigu skólans ef fyrir liggur heimild forráðamanns og forstöðumanns, enda sé myndum ekki dreift á samfélagsmiðlum og skilyrðum hér að neðan fylgt eftir.
2. Heimilt er að taka myndir, myndbönd og hljóðupptökur við verkefnavinnu í skólanum, enda sé myndataka mikilvægur þáttur í henni.
3. Ekki er heimilt er að taka ljósmyndir, myndbönd og viðhafa hljóðupptökur af börnum eða öðrum á snjalltæki eða önnur tæki í einkaeigu, nema samþykki þess sem mynd er tekin af liggir fyrir. Allar myndir sem teknar eru á tæki í einkaeigu er á ábyrgð þess sem tekur myndina, hvort sem um starfsmann, forráðamanns barns eða þriðja aðila ræðir.
4. Að öðru leiti en greinir í reglum þessum er ekki heimilt að taka ljósmyndir, myndbönd og hljóðupptökur af börnum, öðrum en eigin börnum, nema samþykki liggir fyrir.

5. Óheimilt er að deila ljósmyndum, myndbandsupptökum og hljóðupptökum af börnum eða starfsmönnum skóla til þriðju aðila. Afla skal samþykkis séu myndir teknar af fullorðnum, eins og starfsmönnum skólans, við störf sín.
6. Óheimilt er að birta ljósmyndir, myndbönd og hljóðupptök af börnum á samfélagsmiðlum, nema í undantekningartilvikum ef um opinn viðburð er að ræða og gætt sé að ákvæði 7. gr. Á opnum viðburðum er gott að minna aðstandendur á að þó myndatök séu leyfðar skuli gætt að því að ekki séu birtar myndir af öðrum börnum eða fullorðnum nema samþykki liggja fyrir
7. Um allar ljósmyndatök, myndbandsupptök, hljóðupptök og myndbirtingar gildir að gæta ber varúðar, nærgætni og siðgæðis. Óheimilt er að sýna börn á ögrandi, niðrandi eða óviðeigandi hátt, t.d. þannig að þau séu nakin eða klæðalítill, vansæl eða í erfiðum tilfinningalegum aðstæðum.
8. Komi ljósmyndari inn í leik- og grunnskóla til að taka bekkjarljósmyndir/hópljósmyndir, skal gera samning við ljósmyndara þar sem öryggi persónuupplýsinga er tryggt. Aðeins skulu teknar myndir af börnum þar sem samþykki liggur fyrir.
9. Ekki þarf að afla samþykkis þegar settar eru inn einstaklingsljósmyndir í samþykkt vefkerfi eins og Karellen, InfoMentor, Innu og Námfús og þar sem myndbirting byggir á öryggissjónarmiðum, s.s. vegna lífshættulegra sjúkdóma (bráðaofnæmi o.fl.) og engin dreifing fer fram.
10. Vakin er athygli á því að skólinn ber ekki ábyrgð á ljósmyndum, myndböndum og hljóðupptökum sem teknar eru af öðrum en starfsmönnum hans innan skólanna.
11. Óski fréttamenn/blaðamenn eftir að taka myndir í skólum skulu forráðamenn upplýstir og ef taka á myndir eða viðtöl af börnum skal afla samþykkis forráðamanna t.d. með tölvupósti á þar til gert eyðblað.
12. Við alla mynd- og hljóðupptök skal gætt meginreglna um vinnslu persónuupplýsinga þannig að þær séu unnar með sanngjörnum,

málefnalegum og lögmætum hætti og öll meðferð þeirra samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga. Þá skulu upplýsingar sem safnað er vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Garðabær, 5. mars 2020